

Formannskjör í Sjálfstæðisflokknum: Í þriðja sinn er boðið fram gegn formanni er leitar endurkjörs

KJÖR formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins hefur verið með þeim hætti sem nú er, samkvæmt skipulagsreglum flokksins, síðan 1961. Fyrsti formaður, kosinn eftir almennum kosningum á Landsfundi, var Bjarni Benediktsson og var hann nær einróma kosinn á 14. Landsfundi 1961. Varaformaður þá var kosinn Gunnar Thoroddsen. Framboð Davíðs Oddssonar borgarstjóra til formannskjörs nú er í þriðja sinn, sem boðið er fram gegn formanni, sem gefur áfram kost á sér.

Sex menn hafa verið formenn Sjálfstæðisflokksins frá upphafi: Jón Þorláksson 1929-1934; Ólafur Thors 1934-1961; Bjarni Benediktsson 1961-1970; Jóhann Hafstein 1970-1973; Geir Hallgrímsson 1973-1983 og Þorsteinn Pálsson frá 1983.

Varaformenn hafa verið Magnús Guðmundsson, Ólafur Thors, Pétur Magnússon, Bjarni Benediktsson, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Geir Hallgrímsson, Magnús Jónsson, Friðrik Sophusson og Davíð Oddsson.

Bjarni Benediktsson var nær einróma kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins á Landsfundum 1961, '63, '65, '67 og '69. Á fundinum 1969 fékk Bjarni 463 atkvæði og næstur kom Geir Hallgrímsson með 14 atkvæði.

Á landsfundi árið 1979 var í fyrsta sinn um mótframboð að ræða gegn formanni Sjálfstæðisflokksins á landsfundi. Þá bauð Albert Guðmundsson sig fram gegn Geir Hallgrímssyni. Var Geir kjörinn með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Á næsta landsfundi, 1981, var enn boðið fram gegn formanni.

Þá settu deilurnar um stjórnarmyndun Gunnars Thoroddsen árið áður mark sitt á fundinn. Pálmi Jónsson, landbúnaðarráðgjafi í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen, bauð sig fram gegn Geir Hallgrímssyni.

Á 25. Landsfundi 1983 tilkynnti Geir Hallgrímsson að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Þrír menn buðu sig þá fram: Birgir Ísleifur Gunnarsson, Friðrik Sophusson og Þorsteinn Pálsson, sem var kjörinn formaður.

Á landsfundi árið 1971 urðu átök um varaformannsembætti flokksins. Þá voru í framboði til varaformanns þeir Geir Hallgrímsson og Gunnar Thoroddsen og var hinn fyrrnefndi kjörinn varaformaður flokksins.

Árið 1979 var kosið á milli Gunnars Thoroddsen, Matthíasar Bjarnasonar og Davíðs Oddssonar í embætti varaformanns og bar Gunnar sigur úr þýtum.

Tveimur árum síðar, 1981, var Friðrik Sophusson kjörinn varaformaður, en Ragnhildur Helgadóttir var þá einnig í kjöri.

Kjör formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins á landsfundum 1969-1989

Formaður

1989
Þorsteinn Pálsson 754/ 79,8%
64/ 6,8% Davíð Oddsson
63/ 6,8% Friðrik Sophusson

1987
Þorsteinn Pálsson 946/ 97,8%
13/ 1,3% Davíð Oddsson
2/ 0,2% Sverrir Hermannsson

1985
Þorsteinn Pálsson 892/ 90,8%
20/ 2,0% Davíð Oddsson
9/ 0,9% Friðrik Sophusson

1983
Þorsteinn Pálsson 608/ 56,7%
281/ 26,8% Friðrik Sophusson
180/ 16,8% Birgir Ísleifur Gunnarsson

1981
Geir Hallgrímsson 637/ 65,9%
209/ 21,6% Pálmi Jónsson
79/ 8,2% Ellert B Schram

1979
Geir Hallgrímsson 594/ 70,5%
208/ 24,7% Albert Guðmundsson

1977
Geir Hallgrímsson 618/ 87,9%
41/ 5,8% Gunnar Thoroddsen

1975
Geir Hallgrímsson 650/ 86,8%
65/ 8,7% Gunnar Thoroddsen

1973
Jóhann Hafstein 522/ 78,3%
36/ 5,4% Geir Hallgrímsson
25/ 3,7% Gunnar Thoroddsen

1971
Jóhann Hafstein 582/ 82,8%
90/ 12,8% Gunnar Thoroddsen
19/ 2,7% Geir Hallgrímsson

1969
Bjarni Benediktsson 463/ 86,2%
14/ 2,6% Geir Hallgrímsson
5/ 0,9% Jóhann Hafstein

Varaformaður

1989
Davíð Oddsson 727/ 81,6%
91/ 10,2% Friðrik Sophusson

1987
Friðrik Sophusson 851/ 87,6%
31/ 3,2% Davíð Oddsson
20/ 2,1% Halldór Blöndal

1985
Friðrik Sophusson 746/ 78,1%
93/ 9,7% Davíð Oddsson
45/ 4,7% Sverrir Hermannsson

1983
Friðrik Sophusson 915/ 91,5%
26/ 2,6% Sigrún Þorsteinsdóttir
25/ 2,5% Davíð Oddsson

1981
Friðrik Sophusson 544/ 57,8%
381/ 40,5% Ragnhildur Helgadóttir

1979
Gunnar Thoroddsen 372/ 44,3%
310/ 36,9% Matthías Bjarnason
142/ 16,9% Davíð Oddsson

1977
Gunnar Thoroddsen 564/ 79,5%
49/ 6,9% Ragnhildur Helgadóttir
16/ 2,3% Albert Guðmundsson


1975
Gunnar Thoroddsen 631/ 83,0%
64/ 8,4% Ragnhildur Helgadóttir
10/ 1,3% Albert Guðmundsson

1973
Geir Hallgrímsson 505/ 75,6%
69/ 10,3% Gunnar Thoroddsen
29/ 4,3% Magnús Jónsson

1971
Geir Hallgrímsson 375/ 52,3%
328/ 45,7% Gunnar Thor.
5/ 0,7% Magnús Jónsson

1969
Jóhann Hafstein 314/ 59,4%
130/ 24,6% Geir Hallgrímsson
33/ 6,2% Magnús Jónsson

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins 1991: FULLTRÚAR



29. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins 7.-10. mars:

Um 1.430 manns eiga rétt á að sækja fundinn

UM 1.430 manns hvaðanæva af landinu eiga seturétt á 29. Landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem hefst þann 7. mars næstkomandi og lýkur sunnudaginn 10. mars. Aldrei áður hafa jafn margir átt rétt á að sækja Landsfund flokksins. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Valhöll er víðast hvar búið að kjósa fulltrúa og hefur verið tilkynnt um nálægt 80% þátttakenda.

Kosning landsfundarfulltrúa fer þannig fram að kjördæmisráð í hverju kjördæmi fyrir sig hefur ákveðinn fulltrúafjölda sem síðan skiptist á fulltrúaráðin í kjördæminu. Einstök félög eiga rétt á að kjósa fulltrúa í samræmi við fjölda félagsmanna.

Fjöldi landsfundarfulltrúa í hverju kjördæmi er í aðalatriðum í samræmi við kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins í síðustu alþingiskosningum og veita hver 200 atkvæði rétt til að kjósa 3 landsfundarfulltrúa.

Auk kjörinna fulltrúa á flokksráð seturétt á Landsfundi og eru flokksráðsmenn sjálfkjörnir til þess. Þeir eru nú um 240 talsins.

Síðasta dag Landsfundar fara fram kosningar formanns, varaformanns og 11 manna í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Kosning formanns og varaformanns er óhlutbundin, skrifleg kosning og eru allir landsfundarfulltrúar í kjöri. Fá enginn meira en helming gildra atkvæða skal samkvæmt skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins kjósa aftur milli þeirra sem flest atkvæði hlutu og eru úrslit þeirra kosninga endanleg.

Til miðstjórnar er kosið um

landsfundarfulltrúa, annarra en þingmanna, sem bjóða sig sérstaklega fram til þess. Auk þessara 11 sem Landsfundur kys í miðstjórn, eru 5 miðstjórnarmenn kosnir af þingflokki, sjálfkjörnir eru formenn kjördæmisráða, Landssambands sjálfstæðisflokksmanna, Sambands ungra sjálfstæðismanna og verkafélagsráðs. Loks eiga formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins sæti í miðstjórn.

Stuðningsmenn frambjóðenda opna skrifstofur

Stuðningsmenn Davíðs Oddssonar í formannskjöri Sjálfstæðisflokksins hafa opnað kosningaskrifstofu í gamla Hekluhúsinu við Laugaveg í Reykjavík. Stuðningsmenn Þorsteins Pálssonar eru að undirbúa að opna kosningaskrifstofu en ekki hafði í gær verið ákveðið hvar hún verður til húsa.

Að sögn Friðriks Friðrikssonar, talsmanns stuðningsmannahóps Davíðs, er ekki fyrirhuguð útgáfu- eða auglýsingastarfsemi fyrir landsfundinn, heldur yrði haft samband við landsfundarfulltrúa til að útskýra sjónarmið.

Kosið verður um formann Sjálfstæðisflokksins sunnudaginn 10. mars, á lokadegi landsfundarinnar. Stofnanir og flokksfélög hafa þegar kosið fulltrúa á landsfundinn.

Listamannalaunum úthlutað:

8,5 millj. skipt milli 106 listamanna

Úthlutunarnefnd listamannalauna hefur lokið úthlutun fyrir árið 1991 og úthlutaði tæplega 8,5 milljónum króna til 106 listamanna, sem hver hlýtur 80 þúsund krónur. Eftirtaldir sjö listamenn bætast nú í flokkinn: Daði Guðbjörnsson, Einar G. Baldvinsson, Friða Á. Sigurðardóttir, Guðjón Sveinsson, Guðmundur Halldórsson frá Bergsstöðum, Ragnar Páll Einarsson og Steinunn Sigurðardóttir. Í úthlutunarnefndinni eiga nú sæti: Magnús Þórðarson, formaður, Jón R. Hjálmarsson, ritari, Bessi Jóhannsdóttir, séra Bolli Gústavsson, Gunnar Stefánsson, Soffía Guðmundsdóttir og Sölvi Óskarsson.

Árið 1991 hljóta eftirtaldir 106 listamenn listamannalaun, 80.000 krónur hver:

Agnar Þórðarson, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Ásgerður Búadóttir, Áskell Másson, Benedikt Gunnarsson, Birgir Sigurðsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurðsson, Daði Guðbjörnsson, Einar G. Baldvinsson, Einar Bragi, Einar Hákonarson, Einar Þorláksson, Eiríkur Smith, Elías B. Halldórsson, Eyþór Stefánsson, Filippía Kristjánsdóttir (Hugrún), Friða Á. Sigurðardóttir, Geir Kristjánsson, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Gréta Sigfúsdóttir, Guðbergur

Bergsson, Guðjón Sveinsson, Guðmundur Andriasson, Guðmundur Karl Ásbjörnsson, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Halldórsson frá Bergsstöðum, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Dal, Gunnar Eyjólfsson, Gylfi Gröndal, Hafliði Hallgrímsson, Hafsteinn Austmann, Hallgrímur Helgason, Hannes Sigfússon, Helga Ingólfsdóttir, Helgi Sæmundsson, Herdis Þorvaldsdóttir, Hjálmar H. Ragnarsson, Hjörleifur Sigurðsson, Hjörtur Pálsson, Hringur Johannesson, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Jóhann Hjálmarsson, Jóhannes Geir, Jóhannes

Helgi, Jóhannes Jóhannesson, Jón Ásgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan, Jón Óskar, Jón Þórarinnsson, Jónas Arnason, Karen Agnete Þórarinnsson, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Rey, Kristján frá Djúpalek, Leifur Breiðfjörð, Leifur Þórarinnsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Magnús Jónsson, Nina Björk Árnadóttir, Oddur Björnsson, Ólaf Pálsdóttir, Óskar Aðalsteinn, Pétur Friðrik, Ragnar Páll Einarsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Rut Ingólfsdóttir, Rurik Haraldsson, Rognvaldur Sigurðsson, Sigfús Daðason, Sigurður Hallmarsson, Sigurður A. Magnússon, Sigurður Pálsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Hörður Grímsson, Stefán Júlíusson, Steingrímur St. Th. Sigurðsson, Steinunn Sigurðardóttir, Steinþór Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Thor Vilhjálmsson, Tryggvi Emilsson, Veturliði Gunnarsson, Vesteinn Lúðvíksson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorkell Sigurbjörnsson, Þorsteinn frá Hamri, Þórarinn Eldjárn, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Þuríður Guðmundsdóttir, Þuríður Pálsdóttir og Örylgur Sigurðsson.